



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Reykjavík, 6. apríl 2017

Ákvörðun nr. 13/2017

## **Kaup Horns III slhf. á hlut í Líflandi ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Samkeppniseftirlitinu barst bréf þann 23. desember sl. þar sem tilkynnt var um kaup Horns III slhf. á helmings hlut í Líflandi ehf. Meðfylgjandi tilkynningunni fylgdi sk. styttri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær (styttri tilkynning), sbr. síðari breytingar á þeim reglum. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningarskyldur í skilningi samkeppnislaga. Með bréfi dags. 29. desember sl. tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi og frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d. samkeppnislaga hefðu byrjað að líða þann 27. desember sl.

Í samrunaskrá og fylgiskjölum hennar er að finna ýmis gögn sem hafa þýðingu varðandi samkeppnisleg áhrif þessa samruna. Þá hefur Samkeppniseftirlitið aflað gagna og sjónarmiða frá t.a.m. keppinautum samrunaaðila og þeim sjálfum. Að því marki sem eftirlitið telur þessar upplýsingar skipta máli fyrir niðurstöðu þessa máls verður þeirra getið í ákvörðun þessari.

Þann 6. janúar sl. óskaði Samkeppniseftirlitið eftir ítarlegri upplýsingum um starfsemi Líflands. Bréfinu var svarað þann 10. s.m. og í kjölfarið var fundað með samrunaaðilum þar sem farið var yfir helstu þætti málsins. Gerði eftirlitið grein fyrir því að nauðsynlegt væri að setja samrunanum tiltekin skilyrði í þeim tilgangi að koma í veg fyrir samkeppnishindranir. Barst eftirlitinu tillaga samrunaaðila að skilyrðum sem eftirlitið féllst á í meginatriðum og var gengið frá sátt í málinu þann 26. janúar 2017.

### **II.**

#### **Samruninn**

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Horn kaupir helmingshlut í Líflandi og fellur samruninn því undir c. lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Hinn helmingur hlutafjár í fyrirtækinu verður áfram í eigu framkvæmdastjóra Líflands. Í kjölfar viðskiptanna kemur Horn til með að fara með sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu með framkvæmdastjóranum.



Horn er fjárfestingarfélag sem fjárfestir í hlutabréfum og öðrum fjármálagerningum, stundar lánastarfsemi tengdri fjárfestingum og tengdum rekstri. Félagið er framtakssjóður (*e. private equity fund*) og er með rekstrar- og eignastýringasamning við Landsbréf hf. (hér eftir Landsbréf), dótturfélag Landsbankans hf. (Landsbankinn). Í samrunaskrá segir að Horn stefni að því að fjárfesta í dreifðu eignasafni og sem áhrifafjárfestir í íslensku atvinnulífi. Ennfremur segir að markmið félagsins sé að stuðla að vexti og viðgangi þeirra fyrirtækja sem fjárfest er í til að hámarka arðsemi. Segir að félagið leggi ríka áherslu á að innleiða góða stjórnarhætti í þeim félögum sem fyrirtækið fjárfestir í. Hluthafar í sjóðnum eru rúmlega 30 og samanstanda af lífeyrissjóðum, fjármálafyrirtækjum og öðrum fagfjárfestum. Enginn hluthafanna á yfir 20% af hlutfé sjóðsins og er Landsbankinn þ. á m. með um 5% eignarhlut.

Landsbankinn starfrækir útibú eða bankaafgreiðslur víða um land. Bankinn er einn af þremur stærstu keppinautum á viðskiptabankamarkaði sem samtals hafa afar sterka stöðu á þeim markaði, þ. á m. í þjónustu við einstaklinga og lítil og meðalstór fyrirtæki. Landsbréf eru eins og áður segir dótturfyrirtæki Landsbankans og eru eitt stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins með um 100 ma. króna í virkri stýringu.<sup>1</sup> Af hálfu fulltrúa Landsbréfa hefur komið fram að fyrirtækið sé sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki. Fyrirtækið starfar skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstrarfélag verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða, auk þess sem starfsleyfið tekur til eignastýringar fyrir aðra.

Landsbréf eru með rekstrarsamning við Horn og veitir samningurinn Landsbréfum víðtæka aðkomu að Horni. Landsbréf hafa einnig rekstrarsamninga við fleiri fyrirtæki en ekkert þeirra starfar á sömu mörkuðum og Lífland. Í samrunaskrá segir að meginstarfsemi Líflands felist í þjónustu við landbúnað og matvælaframleiðslu. Félagið framleiði og flytji inn fóður og bætiefni fyrir landbúnað og korn og mjöl fyrir matvælaíðnað. Þá flytji fyrirtækið inn ýmsar vörur fyrir landbúnað, hestamennsku og dýrahald, svo sem rekstrarvörur, sáðvörur, innréttingar og tæki. Verður nánar vikið að starfsemi Líflands síðar í ákvörðuninni.

### III.

#### Niðurstaða

Kaup Horns á helmingi hlutfjár í Líflandi felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga líkt og áður greinir. Telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni getur stofnunin gripið til íhlutunar í formi ógildingar eða setningu skilyrða sem tryggja eiga virka samkeppni, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í ákvörðun þessari er gerð grein fyrir forsendum fyrir íhlutun vegna þess samruna sem hér er til umfjöllunar. Einnig er gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem eftirlitið telur nauðsynlegt að samrunaaðilar lúti í starfsemi sinni í þeim tilgangi að koma í veg fyrir samkeppnislegar hindranir sem samruninn myndi annars geta leitt af sér.

#### 1. Skilgreining markaða og mat á stöðu Líflands

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga verður að byrja á því að skilgreina þann markað sem við á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og

---

<sup>1</sup> Samkvæmt heimasíðu Landsbréfa, sótt 17. janúar sl.



staðgönguþjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn. Hér að ofan hefur verið fjallað um starfsemi Horns og ljóst að félagið starfar ekki á sömu mörkuðum og Lífland. Í kafla þessum verður athyglinni því beint að þeim mörkuðum sem Lífland starfar á og stöðu félagsins á þeim mörkuðum.

Í samrunaskrá kemur fram að Lífland starfi á mörkuðum sem allir tengjast landbúnaði og matvælaframleiðslu með einum eða öðrum hætti. Starfar fyrirtækið á framleiðslu – og heildsölu- og smásölustigi. Samkeppniseftirlitið sendi samrunaaðilum bréf þar sem óskað var nánari upplýsinga um starfsemi Líflands og skiptingu á veltu fyrirtækisins á milli mismunandi markaða. Í svari fyrirtækisins kemur fram að meirihluti veltu fyrirtækisins sé vegna sölu á ýmiss konar fóðri fyrir búfenað. Fyrirtækið er einn stærsti aðilinn á þessum markaði en af hálfu Líflands hefur komið fram að helstu keppinautar fyrirtækisins á þessum markaði séu Fóðurblandan, Sláturfélag Suðurlands og Landstólpi.

Jafnframt kemur fram að fyrirtækið velti um [ ]<sup>2</sup> í framleiðslu og sölu á mjöli í gegnum dótturfyrirtæki sitt Kornax mjöl. Í samrunaskrá kemur fram að keppinautar fyrirtækisins í þessari starfsemi séu m.a. Ölgerðin Egill Skallagrímsson, O.J. & Kaaber og ÍSAM. Fyrirtækið er einnig með töluverða veltu í annarri starfsemi. Í því sambandi má nefna að fyrirtækið er með um [ ] veltu í sölu á rekstrarvörum, innréttingum og tækjum fyrir bændur. Þá er fyrirtækið með á [ ] milljóna króna veltu í starfsemi sem tengist hestamennsku. Ennfremur segir að fyrirtækið búi við samkeppnislegt aðhald frá ýmsum fyrirtækjum s.s. Fóðurböndunni, Sláturfélagi Suðurlands og Búvís.

Nesbúegg, eitt stærsta fyrirtæki landsins í framleiðslu og heildsölu á eggjum, er jafnframt undir yfirráðum Líflands í skilningi samkeppnislaga. Velta fyrirtækisins fyrir árið 2016 var um [ ] sem gerir fyrirtækið að einu af tveimur stærstu fyrirtækjunum á markaðnum ásamt Stjörnueggjum. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2012, *Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði*, kom fram að markaðurinn fyrir sölu á eggjum til dagvöruverslana væri fákeppnismarkaður þar sem þrjú fyrirtæki væru stærst. Í skýrslunni kom fram að markaðshlutdeild Nesbúeggja væri 20-25% af markaðinum. Frá útgáfu skýrslunnar hefur hlutdeildin aukist. Staða fyrirtækisins á þessum markaði er því bersýnilega sterk en engu að síður þarf að líta til þess að samþjöppun er ekki að aukast á þessum markaði með þeim samruna sem hér er til umfjöllunar.

Af hálfu aðila sem starfa við framleiðslu eggja hefur komið fram það sjónarmið að tilefni kunni að vera til þess að greina markaðinn í undirmarkaði. Hefur fram komið að verðlagning á eggjum sé mismunandi eftir því hvaða framleiðsluaðferð á í hlut, þannig kemur fram að lífræn egg séu um helmingi dýrari en búregg og að verð sk. lausagöngueggja sé þarna á milli. Fyrir niðurstöðu þessa máls er þó ekki þörf á því að taka endanlega afstöðu til þess hvort mismunandi framleiðsluaðferðir séu sérstakir markaðir í samkeppnisréttarlegum skilningi. Að svo stöddu telur eftirlitið því nægjanlega nákvæmt að skilgreina markaðinn sem framleiðslu og heildsölu á eggjum.

---

<sup>2</sup> Upplýsingar í hornklofa eru háðar trúnaði og ekki birtar í þessari ákvörðun.



Allir stærstu viðskiptavinir Líflands eru innlend fyrirtæki s.s. matvælaframleiðslufyrirtæki. Stærstur hluti veltu fyrirtækisins er í framleiðslu og sölu á vörum sem notaðar eru í landbúnaði og matvælaframleiðslu. Afstaða samrunaaðila gagnvart landfræðilegum markaði fyrirtækisins liggur ekki fyrir í samrunaskrá. Samkeppniseftirlitið telur þó að í meginatriðum sé unnt að líta á markaðinn sem landið allt, Ísland.

Líkt og áður segir hefur Horn staðið að yfirtökum á fleiri fyrirtækjum á öðrum samkeppnismörkuðum. Undir yfiráðum fyrirtækisins er m.a. Basko ehf. sem er móðurfélag Tíu-Ellefu ehf., Íslands-Verslunar hf., Imtex ehf. auk Drangaskers. Þessi félag reka fyrirtæki undir vörumerkjunum 10-11, Iceland og Dunkin' Donuts.<sup>3</sup> Þá á Horn allt hlutafé í fyrirtækjum sem reka starfsemi undir vörumerki Hópbíla.<sup>4</sup> Þá er rétt að geta þess að fyrirtækið hefur nýverið gengið frá kaupum á stórum hlut í Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni.<sup>5</sup> Ljóst er að önnur starfsemi sem Horn eða rekstraraðili þess, Landsbréf, kemur að rekur er ekki á sömu eða tengdum mörkuðum og Lífland. Telst þessi samruni því vera sk. samsteypusamruni (e. conglomerate merger).<sup>6</sup>

Gögn málsins gefa vísbendingar um að staða Líflands kunni að vera sterk á ýmsum mörkuðum. Þessi samruni mun hins vegar ekki leiða til aukinnar samþjöppunar á neinum þeirra. Þá eru viðskipti á milli fyrirtækja undir yfiráðum samrunaaðila óveruleg en vissulega má ætla að smásöluverslanir Basko kaupir inn t.d. egg. Ekki er þó ástæða til að ætla að sú staðreynd geti valdið samkeppnisbrestum sem kalli á íhlutun samkeppnisyrivalda.

## 2. Samkeppnisleg áhrif samrunans

Af stöðu fyrirtækja undir yfiráðum samrunaaðila virtri er ljóst að samruni þessi er sk. samsteypusamruni þar sem Horn, eða félag undir sömu yfiráðum, hafa ekki starfsemi á sömu mörkuðum og Lífland starfar á. Þá eru lóðrétt áhrif af þessum samruna óveruleg og ekki er ástæða til að ætla að þau geti verið grundvöllur samkeppnisbresta. Þeir samkeppnisbrestir sem kunna að skapast vegna þessa máls eru því, eins og áður segir, ekki vegna aukinnar samþjöppunar á mörkuðum eða lóðréttra áhrifa. Mögulegir samkeppnisbrestir stafa fyrst og fremst af tengslum viðskiptabanka við fyrirtæki í samkeppnisrekstri.

Þó er rétt að geta þess að samrunaaðilar líta á Ölgerðina Egil Skallagrímsson sem keppinaut sinn á markaði fyrir sölu á mjöli. Horn á umtalsverðan hlut í Ölgerðinni og þar með í tveimur keppinautum á þessum markaði. Það er þó mat forsvarsmanna Horns að þessi staðreynd hafi ekki þýðingu fyrir samkeppni á þessum markaði. Byggja þeir á því að velta Ölgerðarinnar á þessum markaði er óveruleg, þá sé velta Líflands í þessum vöruflokki einungis lítill hluti af veltu samstæðunnar. Ennfremur heldur Horn því fram að fyrirtækið sé ekki með yfiráð yfir Ölgerðinni, hvorki sér í lagi né sameiginlega með öðrum. Hafa forsvarsmenn félagsins því haldið því að Samkeppniseftirlitinu að áhrif Horns

<sup>3</sup> Sjá nánar í ákvörðun nr. 26/2016 *Kaup Horns III slhf. Á hlut í Basko ehf.*

<sup>4</sup> Sjá nánar í ákvörðun nr. 28/2016 *Kaup Horns III slhf. á öllum hlutum í Hagvögnum hf., Hópbílum hf. og Hvaleyri hf.*

<sup>5</sup> Tilkynt var um þessi viðskipti nýverið til Samkeppniseftirlitsins en ekki voru forsendur fyrir því að taka málið til rannsóknar á grundvelli samrunaákvæða samkeppnislaga, sjá nánar í frétt á heimasíðu eftirlitsins, dags. 15. mars 2017.

<sup>6</sup> Í leiðbeiningum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er fjallað um helstu atriði sem valdið geta samkeppnisbrestum í þess háttar samrunum. Leiðbeiningarnar má nálgast á eftirfarandi hlekk: [http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:52008XC1018\(03\)&from=EN](http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:52008XC1018(03)&from=EN)



á Ölgerðina sé ekki þannig að Ölgerðin taki mið að öðrum viðskiptahagsmunum Horns við ákvörðunartöku í félaginu. Þá halda forsvarsmenn Líflands því jafnframt fram að ekki séu miklar aðgangshindranir að markaði fyrir sölu á mjöli. Samkeppniseftirlitið hefur á síðustu árum fjallað nokkuð um samkeppnisbresti sem geta verið fólgnir í minnihlutaeign sama hluthafa í fleiri en einum keppinanti á sama markaði.<sup>7</sup> Telur eftirlitið að gjalda beri varhug við eignatengslum af þessu tagi þótt ekki séu forsendur til íhlutunar í þessu máli.

Samkeppniseftirlitið hefur frá hrúni beitt sér gagnvart samkeppnisbrestum sem stafað geta af eignarhaldi banka og lífeyrissjóða á atvinnufyrirtækjum, en eignarhald þessara aðila getur við tilteknar aðstæður skapað hættu á samkeppnishindrunum. Samruni þessi er þó ólíkur því þegar viðskiptabanki á beinan eignarhlut í fyrirtæki á samkeppnismarkaði. Eftirlitið lítur þrátt fyrir það svo á að í eignarhaldi Landsbankans á Landsbréfum felist sterk tengsl sem geti undir vissum kringumstæðum verið grundvöllur samkeppnisbresta. Í því sambandi má nefna að hvati er fyrir samstæðu Landsbankans að halda viðskiptum innan hennar og beina fyrirtækjum í viðskipti við fyrirtæki innan samstæðunnar.<sup>8</sup> Meðal annars af þessum ástæðum telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að setja skilyrði sem mæla fyrir um sjálfstæði þessara félaga gagnvart hverju öðru.

Íhlutanir Samkeppniseftirlitsins gagnvart eignarhaldi banka á fyrirtækjum má rekja til úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2009 *Síminn gegn Samkeppniseftirlitinu*. Í því máli komst nefndin að þeirri niðurstöðu að eftirlitinu bæri að taka málið aftur til efnislegrar meðferðar í ljósi þess að eignarhald Eignarhaldsfélagsins Vestia kynni að raska samkeppni.<sup>9</sup> Byggði nefndin á því að margskonar samkeppnisbrestir kynnu að skapast við eignarhald viðskiptabanka á fyrirtækjum. Það eignarhald sem kemst á með þeim samruna sem hér er til umfjöllunar getur falið í sér áþekka samkeppnisbresti og sköpuðust í framangreindu máli. Landsbankinn og Landsbréf hafa áður gengist undir skilyrði sem ætlað er að tryggja óhæði á milli fyrirtækjanna.<sup>10</sup> Þá hafa Landsbréf í máli þessu gengist undir skilyrði sem tryggja eiga sjálfstæði Líflands gagnvart Landsbankanum. Lítur eftirlitið svo á að með þessu hafi verið girt fyrir mögulega samkeppnisbresti sem ella kynnu að leiða af aðkomu samstæðu Landsbankans að samrunanum.

Eftir yfirtöku bankanna á atvinnufyrirtækjum í kjölfar hrunsins hefur borið nokkuð á því að sjóðastýringarfyrirtæki í fullri eigu stóru viðskiptabankanna þriggja standi að yfirtökum á ýmsum fyrirtækjum í atvinnulífinu. Aðkoma bankanna og sjóðastýringarfyrirtækja þeirra að þess háttar yfirtökum lýsir sér alla jafna þannig að fagfjárfestar hafa komið inn í hluthafahóp þessara fyrirtækja í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar. Framtakssjóðir í rekstri sjóðastýringarfyrirtækjanna hafa svo haldið um stjórnartaumana þangað til fyrirtækin hafa verið seld áfram e.a. með skráningu á markaði.<sup>11</sup> Samkeppniseftirlitinu hefur verið tilkynnt um mörg slík viðskipti og hefur verið

<sup>7</sup> Sjá m.a. minnisblað um eignarhald á atvinnufyrirtækjum, hlutverk lífeyrissjóða og áhrif á samkeppni, sbr. þessa slóð: <http://www.samkeppni.is/media/raedur-2015/Samtal-um-samkeppni---eignarhald-a-atvinnufyrirtaekjum-230516.pdf>

<sup>8</sup> Nánari umfjöllun um starfsemi samstæða bankanna á hinum ýmsu sviðum fjármálaþjónustu má finna í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2013 *Fjármálaþjónusta á krossgötum*.

<sup>9</sup> Vestia var eignarhaldsfélag að fullu í eigu Landsbankans.

<sup>10</sup> Sjá nánar í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 26/2016 *Kaup Horns III slhf. á hlut í Basko ehf.*

<sup>11</sup> Stóru viðskiptabankarnir þrír eiga allir sjóðastýringarfyrirtæki. Stefni er í eigu Arion Banka, Íslandssjóðir í eigu Íslandsbanka og Landsbréf í eigu Landsbankans.



fjallað nokkuð ítarlega um samkeppnisleg áhrif þessa fyrirkomulags og eru ákvarðanir varðandi þessi mál aðgengilegar á heimasíðu eftirlitsins.<sup>12</sup>

### *Nánar um stjórnskipun Horns III*

Horn III er framtakssjóður sem stofnaður var af dótturfyrirtæki Landsbankans, Landsbréfum. Hluthafar sjóðsins eru aðallega fagfjárfestar og fer enginn fjárfestir með meira en 20% hlut í félaginu þ.m.t. Landsbankinn sem á um 5% hlut í Horni III. Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum Horns III og er þar kosin stjórn og fjárfestingarráð félagsins. Fjárfestingarráðið sem er skipað fimm fulltrúum hluthafa fjallar um fjárfestingar, áður en þær eru teknar til formlegrar afgreiðslu af stjórn félagsins. Þá hefur fjárfestingarráðið neitunarvald gagnvart fjárfestingarákvörðunum og ákvörðunum um meiriháttar rekstrarútgjöld.

Horn III er með sk. rekstrarsamning við Landsbréf og á grundvelli hans annast Landsbréf rekstur og stýringu á eignum félagsins og veitir því ráðgjöf og þjónustu í samræmi við ákvarðanir stjórnar þess. Landsbréf leggja Horni III til tvo framkvæmdastjóra og er stjórn félagsins alfarið skipuð starfsmönnum Landsbréfa. Á grundvelli rekstrarsamningsins vinna starfsmenn Landsbréfa að virðisaukningu eignasafns félagsins, sjá til þess að bókhald sé fært og að stjórnarhættir séu í samræmi við lög og samþykktir félagsins.

Landsbankinn er eins og áður segir móðurfélag Landsbréfa og á 100% hlutafjár í félaginu. Í samrunaskrá kemur þó fram að Landsbréf séu sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki í skilningi laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og starfi óháð Landsbankanum. Með sátt, sem birt er í ákvörðunarorðum með ákvörðun þessari, hafa Landsbréf gengist undir skilyrði gagnvart Samkeppniseftirlitinu þar sem sjálfsstæðið er tryggt enn frekar.

### **3. Samrunanum sett skilyrði**

Af öllum gögnum málsins virtum er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins í þessu máli sú að nauðsynlegt sé að setja samrunanum skilyrði sem ætlað er að girða fyrir þá hugsanlegu samkeppnisbresti sem vikið var að, og vísað var til, hér að framan. Samrunaaðilar lýstu yfir vilja sínum til þess að gangast undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f. laganna og 22. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Viðræður við samrunaaðila hafa í kjölfarið leitt til sáttar, sem fela í sér þau skilyrði sem fram koma í ákvörðunarorðum. Fela skilyrðin meðal annars í sér áskilnað um sjálfstæði stjórnar samrunaaðila. Í sátt vegna yfirtöku Horns á Basko gekkst bankinn undir skilyrði þar sem mælt er fyrir um sjálfsstæði Landsbréfa gagnvart Landsbankanum. Í þessu máli þykir ekki tilefni til þess að setja samskonar skilyrði enda gildir sú sátt fullum fetum á meðan Horn hefur yfirráð yfir Basko.<sup>13</sup>

Í a)-lið ákvæðis 1.1 í eftirfarandi ákvörðunarorðum er kveðið á um óhæði stjórnarmanna Líflands gagnvart Landsbankanum. Í ljósi framangreindrar aðkomu bankans að félögunum telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að tryggja að stjórnarmenn verði óháðir

<sup>12</sup> Í þessu sambandi vísast til ákvarðana nr. 2/2014 *Kaup SF IV á Skeljungu hf.*, 21/2014 *Kaup FAST-I á HTD ehf.*, 22/2015 *Kaup SF VII slhf. á hlut í Kynnisferðum hf.* og 26/2015 *Kaup Akurs fjárfestinga slhf. á hlutafé í Iceland Excursions Allrahanda ehf./GRAY LINE ICELAND ehf.*

<sup>13</sup> Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 26/2016 *Kaup Horns III slhf. á hlut í Basko ehf.* var kveðið á um sjálfsstæði stjórnar Landsbréfa gagnvart Landsbankanum.



bankanum. Eftirlitið hefur í ræðu og riti gert ítarlega grein fyrir þeim samkeppnisbrestum sem fólgur geta verið í aðkomu viðskiptabanka að fyrirtækjum í samkeppnisrekstri á ótengdum mörkuðum. Í b)-lið umræddra ákvæða eru settar ítarlegri kröfur um óhæði félaganna gagnvart bankanum með því að Landsbréfum skuli vera óheimilt að ráða framkvæmdastjóra eða lykilstarfsmenn sem háðir eru bankanum. Þá eru efnislega samhljóða ákvæði gagnvart Nesbúeggjum, sjá ákvæði 1.2.

Þá er í ákvæði 2 fjallað um brottfall skilyrðanna og réttur samrunaaðila til endurupptöku áréttáður, sbr. 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.



#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

##### 1.

##### Almennt

Markmið sáttar þessarar er að sporna gegn skaðlegum hagsmunatengslum eða öðrum samkeppnishindrunum sem stafað geta af eignarhaldi Horns á Líflandi og beinu og óbeinu eignarhaldi eigenda Horns á atvinnufyrirtækjum. Skulu þessir aðilar í því skyni og eins og þeim frekast er unnt tryggja sjálfstæði Líflands á þeim mörkuðum sem fyrirtækið og dótturfélög þess starfa á.

##### 1.1

##### Sjálfstæði Líflands

- a) Stjórnarmenn í Líflandi skulu vera óháðir Landsbankanum hf. Þeir teljast óháðir ef þeir eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá bankanum, framkvæmdastjórar eða stjórnarmenn hjá fyrirtækjum þar sem bankinn eða dótturfélög eiga meira en 20% eignarhlut, eru ekki makar stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra (forstjóra) hjá ofangreindum aðilum eða skyldir þeim í beinan legg. Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður Landsbanka hf. eða tengdum félögum í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila og hafa meirihluta tekna sinna af viðskiptum við þá uppfylla ekki þetta skilyrði. Þó er heimilt að skipa starfsmenn Landsbréfa hf. sem uppfylla önnur skilyrði þessarar sáttar, í stjórn Líflands.
- b) Þeir sem Horn skipar í stjórn Líflands, skulu ekki vera tengdir keppinautum Líflands í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á við um maka ofangreindra aðila í gegnum atvinnu sem lykilstarfsmenn, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á einnig við um framkvæmdastjóra (forstjóra) og lykilstarfsmenn sem Horn kemur að ráðningu á. Framkvæmdastjóri sem Horn kemur að ráðningu á skal jafnframt vera óháður Landsbankanum hf. í skilningi a) liðar greinar 1.1.
- c) Framkvæmdastjóri Horns og þeir aðilar sem sitja í stjórn Líflands fyrir hönd Horns skulu undirrita yfirlýsingu. Í henni skal hlutaðeigandi lýsa því yfir að hann hafi kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í ákvörðun þessari og hann heiti því að virða þau að öllu leyti að viðlagðri ábyrgð.

##### 1.2

##### Sjálfstæði Nesbúeggja

- a) Stjórnarmenn sem skipaðir eru af Horni í Nesbúegg skulu vera óháðir Landsbankanum hf. Þeir teljast óháðir ef þeir eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá bankanum, framkvæmdastjórar eða stjórnarmenn hjá fyrirtækjum þar sem bankinn eða dótturfélög eiga meira en 20% eignarhlut, eru ekki makar stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra (forstjóra) hjá ofangreindum aðilum eða skyldir þeim í beinan legg.





Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður Landsbankaum hf. eða tengdum félögum í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila og hafa meirihluta tekna sinna af viðskiptum við þá uppfylla ekki þetta skilyrði. Þó er heimilt að skipa starfsmenn Landsbréfa hf. sem uppfylla önnur skilyrði þessarar sáttar, í stjórn Nesbúeggja.

- b) Þeir sem Horn skipar í stjórn Nesbúeggja, skulu ekki vera tengdir keppinautum Nesbúeggja í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á við um maka ofangreindra aðila í gegnum atvinnu sem lykilstarfsmenn, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á einnig við um framkvæmdastjóra (forstjóra) og lykilstarfsmenn sem Horn kemur að ráðningu á. Framkvæmdastjóri sem Horn kemur að ráðningu á skal jafnframt vera óháður Landsbankanum hf. í skilningi a) liðar greinar 1.1.
- c) Framkvæmdastjóri Horns og þeir aðilar sem kunna að sitja í stjórn Nesbúeggja fyrir hönd Horns skulu undirrita yfirlýsingu. Í henni skal hlutaðeigandi lýsa því yfir að hann hafi kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í ákvörðun þessari og hann heiti því að virða þau að öllu leyti að viðlagðri ábyrgð.

## 2.

### Brottfall skilyrða

Skilyrði sáttarinnar falla úr gildi ef Horn missir yfirráð yfir Líflandi og/eða Nesbúeggjum. Aðilum er heimilt, sameiginlega eða hver fyrir sig, á hverjum tímapunkti að óska eftir því að skilyrði þessi verði felld úr gildi, að hluta eða í heild, vegna breyttra forsendna, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

## 3.

### Viðurlög

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í ákvörðun þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

### Samkeppniseftirlitið

Ásgeir Einarsson